



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™

DELTA KAPPA GAMMA

Félag kvenna í fræðslustörfum

Lög og reglugerð landssambandsins

**Breytingatillögur lagðar fram af stjórn fyrir landssambandsþing í maí 2019
Gerðar eru tillögur um breytingar á greinum númer 3, 4, 6, 9 og 10**

Efnisyfirlit

LÖG DELTA KAPPA GAMMA Á ÍSLANDI	1
1. lagagrein: NAFN	1
2. lagagrein: STEFNA OG MARKMIÐ	1
A. Stefnuyfirlýsing	1
B. Markmið	1
3. lagagrein: FÉLAGSADILD	1
A. Aðild	1
B. Félagskonur	1
C. Inntaka félagskvenna	2
D. Flutningur milli deilda	2
E. Missir félagsréttinda	2
F. Inntaka félagskvenna að nýju	2
4. lagagrein: FJÁRMÁL	2
A. Árgjöld	2
B. Inntökugjald	2
C. Inntökugjald heiðursfélaga	2
D. Námsstyrkjagjald	2
E. Greiðsla gjalda	2
F. Önnur gjöld	2
G. Aðrar tekjur	2
H. Sjóðir	3
1. Félagssjóður	3
2. Stofnsjóður landssambandsins	3
3. Námsstyrkjasjóður	3
I. Fjárhagsár, fjárhagsáætlanir og endurskoðun	3
5. lagagrein: SKIPULAG	3
A. Landssambandið	3
B. Deildir	3
6. lagagrein: STJÓRN OG AÐRIR STARFSMENN	3
A. Stjórn landssambands og deilda	3
1. Landssamband	3
2. Deild	4
B. Störf og skyldur	4
Landssamband	4
1. Forseti	4
2. Varaforsetar	4
3. Ritari	4
4. Gjaldkeri	4
5. Lögsögumaður	4
6. Skoðunarmenn reikninga	4
7. Vefstjóri	4
Deild	5
1. Formaður	5
2. Varaformaður	5
3. Ritari	5
4. Gjaldkeri	5
5. Vefstjóri	5
C. Kosning og kjörtímabil	5
1. Landssamband	5
2. Deild	5

7. lagagrein: FRAMKVÆMDARÁÐ	5
A. Skipan	5
B. Hlutverk:	5
C. Starfssvið:	6
8. lagagrein: NEFNDIR.....	6
A. Um nefndir.....	6
B. Fastanefndir.....	6
C. Vinnunefndir.....	6
D. Skipan og hlutverk.....	6
9. lagagrein: ÞING OG FUNDIR.....	6
A. Landssamband.....	6
B. Deild.....	7
10. lagagrein: LAGABREYTINGAR.....	7
11. lagagrein: FÉLAGSSLIT.....	7
12. lagagrein: Reglugerð.....	7

LÖG DELTA KAPPA GAMMA Á ÍSLANDI

1. lagagrein: NAFN

Alþjóðasambandið heitir The Delta Kappa Gamma Society International. Landssambandið á Íslandi nefnist Delta Kappa Gamma – Félag kvenna í fræðslustörfum (e. Iceland State) Landssambandið gefur deildum heiti.

2. lagagrein: STEFNA OG MARKMIÐ

Markmið landssambandsins og deilda innan þess er að vinna í anda þeirra markmiða sem Alþjóðasamband DKG hefur sett sér. Landssambandið er tengiliður milli deilda og alþjóðasambandsins.

A. Stefnuyfirlýsing

Alþjóðasamband Delta Kappa Gamma stuðlar að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum.

B. Markmið

1. Að efla tengsl kvenna sem vinna að mennta- og fræðslumálum víðs vegar í heiminum.
2. Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
3. Að efla starfsáhuga, leiðtogaþæfni og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
4. Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
5. Að veita konum sem skara fram úr í menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur utan samtakanna sem vinna að fræðslustörfum.
6. Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
7. Að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

3. lagagrein: FÉLAGSAÐILD

A. Aðild

Konum er boðin þátttaka í Delta Kappa Gamma sambandinu. Einnig geta konur sótt um aðild. (sjá nánar í reglugerð 1C) Þær sem teknar eru inn í samtökin hljóta réttindi sem félagskonur í deild, landssambandi og alþjóðasambandi.

B. Félagskonur

1. Virkar félagskonur eru konur sem starfa að menntamálum þegar þær eru teknar inn í samtökin eða konur sem hafa látið af störfum á því sviði. Virkar félagskonur skulu taka fullan þátt í störfum samtakanna.
2. Aukafélagskonur eru konur sem áður hafa verið virkar félagskonur, en eru ófærar um að taka að fullu þátt í starfinu af heilsufarsástæðum og/eða vegna búsetu. Heimild til að gerast aukafélagskona er veitt með meirihluta atkvæða deildar. Aukafélagskona getur orðið virk félagskona að nýju án atkvæðagreiðslu. Virkar félagskonur sem eru ófærar um að taka að fullu þátt í starfinu af heilsufarsástæðum eða vegna búsetu geta sótt um að gerast aukafélagskonur. Samþykki meirihluta deildar þarf fyrir aukaaðild. Aukafélagskona getur orðið virk félagskona að nýju án atkvæðagreiðslu.
3. Heiðursfélagar eru konur sem ekki eru kjörgengar sem virkar félagskonur en hafa unnið markverð störf á sviði fræðslumála eða í þágu kvenna og er val þeirra í samtökin viðurkenning fyrir þau störf. Þeim er heimilt að taka þátt í allri starfsemi samtakanna en þær eru ekki kjörgengar í embætti.
4. Konur í menntatengdu háskólanámi, sem hafa sýnt áhuga á að ganga í samtökin, geta fengið aukaaðild. Þær eru ekki kjörgengar í embætti á vegum samtakanna. Þegar þessar konur hefja launuð störf á sínu sviði verða þær virkar félagskonur.

C. Inntaka félagskvenna

1. Hver deild ákveður hvernig inntöku skal hagað.
2. Heiðursfélagar landssambandsins eru valdir á þann hátt sem framkvæmdaráð ákveður.

D. Flutningur milli deilda

Félagskonur geta sótt um flutning milli deilda. Þegar flutningur hefur verið samþykktur af móttökudeild tilkynnir viðkomandi kona flutninginn með tilheyrandi eyðublaði til alþjóðasambandsins.

E. Missir félagsréttinda

Félagsréttindi í samtökunum falla niður greiði félagskona ekki tilskilin gjöld, segi sig úr samtökunum eða falli frá.

F. Inntaka félagskvenna að nýju

Veita má fyrrverandi félagskonu inngöngu að nýju í þá deild sem hún óskar eftir að gerast félagi í.

4. lagagrein: **FJÁRMÁL**

A. Árgjöld

Allar virkar félagskonur og aukafélagskonur greiða árgjald til deildar, landssambands og alþjóðasamtaka.

1. Gjaldið til alþjóðasambandsins er ákveðið af framkvæmdaráði þess og staðfest af alþjóðáþingi.
2. Landssambandsgjald er ákveðið á landssambandsþingi sbr. reglugerð.
3. Gjald til deildar er ákveðið á aðalfundi deildar.

B. Inntökugjald

Hver ný félagskona greiðir inntökugjald, en deild getur ákveðið að greiða gjaldið.

C. Inntökugjald heiðursfélaga

Landssambandið greiðir í eitt skipti fyrir öll sérstakt inntökugjald fyrir hvern heiðursfélaga við inntöku.

D. Námsstyrkjagjald

Allar virkar félagskonur og aukafélagskonur greiða árlegt námsstyrkjagjald.

E. Greiðsla gjalda

1. Félagsárið er frá 1. júlí til 30. júní. Félagskonu ber að greiða árleg félagsgjöld í síðasta lagi 30. júní vegna næsta starfsárs.
 - (a) Ef ný félagskona gengur í samtökin á tímabilinu 1. júlí til 31. desember greiðir hún fullt inntökugjald og árlegt félagsgjald fyrir yfirstandandi ár.
 - (b) Ef ný félagskona gengur í samtökin frá 1. janúar til 30. júní greiðir hún hálf gjald til alþjóðasambandsins.
 - (c) Ef félagskona er að endurnýja félagsaðild sína eftir hlé greiðir hún ekki inntökugjald en önnur gjöld eins og kveðið er á um.
 - (d) Deild og landssamband mega dreifa gjöldum sínum eins og hentar.
2. Strax og ofantalin gjöld hafa verið innheimt í deild sendir deildargjaldkeri landssambandsgjaldkera þau gjöld sem tilheyra landssambandinu og alþjóðasambandinu.
3. Landssambandsgjaldkeri sendir alþjóðasambandinu hlut af þess gjöldum á tímabilinu 1. júlí - 30. september.
4. Félagskona sem ekki stendur í skilum með félagsgjald fellur af félagalista 1. október.

F. Önnur gjöld

Önnur gjöld en að framan greinir má einungis deild leggja á félagskonur.

G. Aðrar tekjur

Landssambandið getur tekið á móti gjöfum og framlögum í samræmi við ákvörðun landssambandsstjórnar.

H. Sjóðir

1. Félagssjóður

Félagssjóðir eru í landssambandi og deildum og skal gera fjárhagsáætlun yfir tekjur og gjöld.

2. Stofnsjóður landssambandsins

- (a) Landssambandið skal hafa og viðhalda föstum sjóði, stofnsjóði.
- (b) Leggja skal til hliðar og ávaxta 25% af inntöku- og félagsgjöldum þar til sjóðurinn er a.m.k. 30% af árstekjum sambandsins. Þegar því marki er náð er framkvæmdaráði heimilt að minnka eða hætta framlögum til sjóðsins.
- (c) Tekjur af stofnsjóði (vextir og arður m.a. af skuldabréfum) má að fenginni samþykkt framkvæmdaráðs leggja í félagssjóð sambandsins.

3. Námsstyrkjasjóður

Til námsstyrkjasjóðs landssambandsins renna 100% námsstyrkjagjalds hvernar félagskonu (sbr. 4. gr. D). Framkvæmdaráð getur ákveðið að afla tekna í sjóðinn með öðru móti. Framkvæmdaráð landssambandsins hefur umráðarétt yfir sjóðnum. Úthlutanir úr námsstyrkjasjóði eru ætlaðar félagskonum.

Kjósi deild að hafa eigin námsstyrkjasjóð skal hún halda 80% af námsstyrkjagjaldinu sem innheimt er frá félögum. Landssambandið fær þá það sem eftir er, eða 20%. Heimilt er að afla sjóðnum tekna á annan hátt.

I. Fjárhagsár, fjárhagsáætlanir og endurskoðun

1. Fjárhagsár landssambands og deilda er frá 1. júlí til 30. júní.
2. Fjárhagsáætlun félagssjóðs landssambandsins skal leggja fyrir stjórn og framkvæmdaráð til samþykktar.
3. Fjárhagsáætlun félagssjóðs deilda skal leggja fyrir stjórnir deilda til samþykktar.
4. Samþykki landssambandsforseta þarf fyrir útgjöldum sambandsins.
5. Skoðunarmenn reikninga fara árlega yfir reikninga landssambandsins og það sama gildir um reikninga deilda.
6. Heimilt er að endurgreiða embættismönnum landssambandsins kostnað vegna þátttöku í viðburðum á vegum alþjóðasamtakanna.

5. lagagrein: SKIPULAG

A. Landssambandið

Landssambandið nær yfir landið allt og greinist í deildir. Landssambandið skal hafa lög og reglugerð sem eru í samræmi við lög alþjóðasambandsins og gilda fyrir það og deildir þess.

B. Deildir

1. Stjórn landssambandsins skipuleggur nýjar deildir í samræmi við ákvæði í reglugerð. Hver deild skal hafa minnst 12 félagskonur. Alþjóðasambandið leggur fram deildarstofnskrá.
2. Stofnfélagar deilda eru þær konur sem verða fullgildar félagskonur á stofnfundi deildarinnar. Sérhver félagskona sem flytur félagsréttindi sín í nýja deild á stofnfundi hennar verður stofnfélagi í nýju deildinni.

6. lagagrein: STJÓRN OG AÐRIR STARFSMENN

A. Stjórn landssambands og deilda

Landssamband

Stjórn landssambandsins skipa forseti, 1. varaforseti, 2. varaforseti, ritari og meðstjórnandi. Kosið er í embætti á landssambandsþingi. Gjaldkeri er valinn af framkvæmdaráði. Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra.

Deild

Stjórn deildar skipa formaður, varaformaður, ritari og meðstjórnar. Stjórn er kosin á aðalfundi. Gjaldkeri er valinn af stjórn.

B. Störf og skyldur

Landssamband

1. Forseti

Forseti landssambandsins fer með yfirstjórn sambandsins og stjórnar fundum framkvæmdaráðs og stjórnar.

Verkefni forseta:

- (a) Situr í framkvæmdaráði alþjóðasamtakanna og kemur fram fyrir hönd landssambandsins út á við.
- (b) Skipar lögsögumann, nefndir og varamenn fyrir þá, sem forfallast, í samráði við landssambandsstjórn.
- (c) Annast ásamt stjórninni daglegan rekstur landssambandsins og sér um framkvæmd á ákvörðunum framkvæmdaráðs.
- (d) Veitir samþykki fyrir útgjöldum og útgáfu efnis á vegum landssambandsins.
- (e) Forseti skal sitja með atkvæðisrétti í öllum nefndum nema uppstillingarnefnd.

2. Varaforsetar

- (a) Fyrsti varaforseti gegnir störfum forseta í forföllum svo og þeim störfum sem framkvæmdaráð eða forseti felur varaforseta að annast á kjörtímabilinu.
- (b) Annar varaforseti tekur við störfum fyrsta varaforseta eða við störfum forseta í forföllum beggja og gegnir öðrum þeim störfum sem viðkomandi eru falin af stjórn, framkvæmdaráði eða forseta.

3. Ritari

Ritari ritar fundargerðir stjórnar, framkvæmdaráðs og landssambandsþing og annast bréfaskriftir í samráði við forseta.

4. Gjaldkeri

- (a) Annast innheimtu, greiðslur og bókhald.
- (b) Heldur nákvæma reikninga, skv. reikningsskilalögum.
- (c) Annast bankaviðskipti og varðveitir fylgiskjöl.
- (d) Ávaxtar fé landssambands og gerir stjórn og framkvæmdaráði grein fyrir fjárhagsstöðu á fundum.
- (e) Leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi.
- (f) Situr fundi framkvæmdaráðs. Ef greitt er fyrir störf gjaldkera hefur viðkomandi ekki atkvæðisrétt á fundum.
- (g) Gjaldkeri skal beita viðeigandi starfsháttum til að tryggja öryggi í meðferð og ráðstöfun fjár landssambandsins í samræmi við samþykktir þar að lútandi.

5. Lögsögumaður

Lögsögumaður er ráðgefandi fyrir stjórn, framkvæmdaráð og laganefnd um lög samtakanna og túlkun þeirra. Lögsögumaður situr fundi framkvæmdaráðs og stjórnar án atkvæðisréttar.

6. Skoðunarmenn reikninga

Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á landssambandsþingi.

7. Vefstjóri

Forseti skipar vefstjóra sem sér um heimasíðu landssambandsins í samstarfi við samskipta- og útgáfufund.

Deild

1. Formaður

- (a) Stjórnar fundum
- (b) Situr í framkvæmdaráði landssambandsins og kemur fram fyrir hönd deildarinnar út á við.
- (c) Skipar nefndir í samráði við stjórn.
- (d) Annast, ásamt stjórninni, daglegan rekstur deildarinnar og sér um framkvæmd á ákvörðunum stjórnar.
- (e) Veitir samþykki fyrir útgjöldum og hefur eftirlit með fjármálum.

2. Varaformaður

Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum svo og þeim störfum sem stjórn eða formaður fela viðkomandi að annast á kjörtímabilinu.

3. Ritari

Ritari ritar fundargerðir stjórnar og funda í deildinni og annast bréfaskriftir í samráði við formann.

4. Gjaldkeri

- (a) Annast innheimtu, greiðslur og bókhald.
- (b) Gerir fjárhagsáætlun í samráði við stjórn.
- (c) Heldur reikninga skv. reikningsskilalögum.
- (d) Annast bankaviðskipti og varðveitir fylgiskjöl.
- (e) Ávaxtar fé deildar og gerir stjórn grein fyrir fjárhagsstöðu á fundum.
- (f) Leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi.
- (g) Gjaldkeri skal beita viðeigandi starfsháttum til að tryggja öryggi í meðferð og ráðstöfun fjár deildarinnar í samræmi við samþykktir þar að lútandi.

5. Vefstjóri.

Stjórnin tilnefnir vefstjóra sem annast heimasíðu deildarinnar í samráði við vefstjóra og stjórn landssambandsins.

C. Kosning og kjörtímabil

1. Landssamband

- (a) Embættismenn, nema gjaldkeri, skulu kjörnir á landssambandsþingi á hverju oddatöluári.
- (b) Kosning skal fara fram samkvæmt ákvæðum í reglugerð.
- (c) Kjörtímabil er tvö ár og enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum. Embættismenn taka við störfum 1. júlí, þeim næsta á eftir kosningu þeirra.
- (d) Framkvæmdaráð velur gjaldkera.

2. Deild

- (a) Embættismenn deildar, nema gjaldkeri, eru kosnir á aðalfundi hvert ár þegar ártalið er jöfn tala. Meirihluti greiddra atkvæða ræður kosningu.
- (b) Kjörtímabil er tvö ár. Enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum.
- (c) Stjórn deildar velur gjaldkera til tveggja ára.

7. lagagrein: FRAMKVÆMDARÁÐ

A. Skipan

Framkvæmdaráð skipa: Stjórn landssambandsins, fráfaramandi forseti þess, gjaldkeri og formenn deilda. Lögsögumaður á einnig sæti í ráðinu en án atkvæðisréttar.

B. Hlutverk:

- 1. Gerir tillögur um verkefni og framkvæmd þeirra og leggur fyrir landssambandsþing eða deildir til

athugunar.

2. Tekur afstöðu til fjárhagsáætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum sambandsins.
3. Samþykkir fjárhagsáætlun landssambandsins ár hvert.
4. Velur gjaldkera og annað starfslið ef þess gerist þörf.
5. Ákveður stað og stund landssambandsþings.
6. Afgreiðir mál sem ekki geta beðið til næsta landssambandsþings.

C. Starfssvið:

1. Framkvæmdaráð heldur a.m.k. einn fund á ári. Forseti getur boðað til aukafunda.
2. Geti formaður deildar ekki sótt framkvæmdaráðsfund er heimilt að senda staðgengil sem nýtur fullra réttinda.
3. Mál telst því aðeins samþykkt að það hljóti atkvæði meirihluta allra atkvæðisbærra í ráðinu.
4. Stjórn annast, fyrir hönd framkvæmdaráðs, afgreiðslu mála milli funda framkvæmdaráðs.
5. Framkvæmdaráði er heimilt að afgreiða mál bréflaga, með tölvupósti eða símleiðis ef bráð nauðsyn krefur. Halda skal skrá yfir slíkar afgreiðslur.

8. lagagrein: **NEFNDIR**

A. Um nefndir

1. Fastanefndir landssambands og deilda skulu sinna skyldum sínum í samræmi við lög og reglugerðir alþjóðasambandsins.
2. Stofna má til vinnunefnda á vegum landssambands og deilda.
3. Skýrslur um störf fastanefnda skal skrá á þar til gerð eyðublöð og senda landssambandsforseta sem tekur saman skýrslur nefnda og sendir til alþjóðasambandsins.
4. Ef þörf er skyndiákvörðunar í nefnd, má afgreiða málið bréflaga, með tölvupósti eða símleiðis svo fremi allir nefndarmenn séu látnir vita. Slíkar ákvarðanir skulu skráðar. Meirihluti nefndar þarf að samþykkja ákvörðun.

B. Fastanefndir

Landssambandið skal starfrækja eftirtaldar fastanefndir:

1. Félaga- og útbreiðslunefnd
2. Laganefnd
3. Menntamálanefnd
4. Námsstyrkjanefnd
5. Samskipta- og útgáfunefnd
6. Uppstillingarnefnd

C. Vinnunefndir

Heimilt er að stofna vinnunefndir fyrir einstök verkefni samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

D. Skipan og hlutverk

Í reglugerð landssambandsins er kveðið á um skipan og hlutverk fastanefnda.

9. lagagrein: **ÞING OG FUNDIR**

A. Landssamband

1. Halda skal landssambandsþing á hverju oddatöluári. Fundarstaður og fundartími skulu ákveðnir af framkvæmdaráði. Heimilt er að halda aukaðing á milli lögbundinna þinga telji framkvæmdaráð ástæðu til.
2. Á þinginu ræður meirihluti greiddra atkvæða þeirra sem skráðir eru þátttakendur.
3. Allar félagskonur sem sækja landssambandsþing mega bera upp tillögur, taka þátt í umræðum og greiða atkvæði.

B. Deild

1. Deild skal halda fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.
2. Fundir geta verið staðbundnir, farið fram með rafrænum hætti eða samlandi af þessu tvennu.
3. Ef mál þarfnast tafarlausrar úrlausnar, skal tilkynna það félagskonum. Slík mál má afgreiða bréflaga eða með tölvupósti. Meirihluti atkvæða ræður.
4. Ekki má veita öðrum umboð til að kjósa í sinn stað.

10. lagagrein: **LAGABREYTINGAR**

- A. Lög landsambandsins skulu endurskoðuð í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á lögum alþjóðasambandsins. Breytingar á lögum landsambandsins skulu kynntar á landsambandsþingi og vera aðgengilegar félagskonum á vef landsambandsins.
- B. Tillögur að breytingum á lögum og reglugerð landsambandsins skal senda laganefnd til athugunar a.m.k. 90 dögum fyrir landsambandsþing og gerir hún tillögur til landsambandsstjórnar a.m.k. 60 dögum fyrir landsambandsþing.
- C. Landsambandsþing tekur ákvörðun um breytingar á lögum og reglugerð. Við afgreiðslu á landsambandsþingi þurfa tillögur að hljóta 2/3 greiddra atkvæða þeirra sem skráðir eru á landsambandsþingið.
- D. Tillögur til breytinga á lögum alþjóðasambandsins getur sérhver félagskona, nefnd, stjórn deildar eða landsambands sent formanni laganefndar landsambandsins. Breytingatillögur skulu hafa borist til laganefndar minnst 4 mánuðum fyrir alþjóðþingið. Laganefnd fjallar um tillögur sem henni berast og sendir þær landsambandsstjórn til afgreiðslu sem sendir þær til alþjóðasambandsins.

11. lagagrein: **FÉLAGSSLIT**

- A. Félagsslit landsambandsins eru í samræmi við landslög og samkvæmt ákvæðum í Stjórnarskrá (constitution) alþjóðasambands Delta Kappa Gamma.
- B. Ef leggja á niður deild, þarf stjórn landsambandsins að taka ákvörðun um það í samráði við framkvæmdaráð. Ef félagskonur í þeirri deild óska eftir að vera áfram í samtökunum, þarf að tryggja að þær geti gerst félagar í annarri deild. Sjóðir deildarinnar renna í félagssjóð landsambandsins. Gögn og eigur deildarinnar fara í vörslu landsambandsins. Stofnskráin fer til landsambandsins og þaðan til höfuðstöðva alþjóðasambandsins.

12. lagagrein: **Reglugerð**

Landsambandið skal setja í reglugerð ákvæði um starfsreglur og mega þær hvorki stangast á við lög né aðrar gildandi reglur alþjóðasambandsins.